

Ár 2024, fimmtudaginn 22. ágúst, kl. 09:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Jóhannesi Albert Sævarssyni og Steinari Þór Guðgeirssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 2/2024

Knattspyrnudeild KR

gegn

Stjórn KSÍ og Knattspyrnudeild HK

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

dómur.

I.

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Steinar Þór Guðgeirsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þriðjudaginn 20. ágúst 2024, þar sem kröfum kæranda knattspyrnudeildar KR í fyrsta og öðrum kröfuleið var hafnað. Kröfu kæranda skv. þriðja kröfuleið var vísað frá aga- og úrskurðarnefnd.

Áfrýjandi er Knattspyrnudeild Knattspyrnufélags Reykjavíkur (hér eftir „KR“) sem leikur í Bestu deild karla.

Áfrýjun KR á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 8/2024 barst skrifstofu KSÍ þann 21. ágúst 2024 þar sem KR gerir eftirfarandi kröfur:

Aðallega að áfrýjunardómstóll KSÍ felli úr gildi úrskurð aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, taki málið til efnismeðferðar og fallist á allar kröfur áfrýjanda samkvæmt kröfugerð kæru en þær eru:

- a) Aðallega að kæranda verði dæmdur 3-0 sigur í leik hans við kærða HK.
- b) Að ákvörðun mótanefndar KSÍ að finna leiknum nýjan leiktíma verði ómerkt.
- c) Að meðan mál þetta er til lykta leitt verði leik liðanna sem settur hefur verið á 22. ágúst frestað.

Til vara er þess krafist að niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði felld úr gildi og að nefndinni verði gert að taka til efnislegrar meðferðar mál Knattspyrnufélags Reykjavíkur gegn Knattspyrnudeild HK og stjórn Knattspyrnusambands Íslands.

II

Málavextir eru raktir með eftirfarandi hætti í hinum áfrýjaða úrskurði:

Þann 8. ágúst 2024 var fyrirhugaður leikur HK og KR í Bestu deild karla kl. 19:15 í Kórnum. Við vallarskoðun dómara leiksins kom í ljós að markstöng á öðru marki vallarins reyndist brotin. Dómarar leiksins gerðu athugasemd við það og var HK gert viðvart. Gerð var tilraun til að koma

fyrir varamarki en það passaði ekki í þær undirstöður sem staðar voru en marksúlurnar reyndust of breiðar. Var upphafi leiks frestað um stund fyrst um sinn en eftir að ljóst var að öðru löglegu marki yrði ekki komið fyrir tímanlega tók dómari þá ákvörðun að fresta leiknum. Var sú ákvörðun tilkynnt forráðamönnum liðanna og eftirlitsmanni KSÍ.

Bæði dómari og eftirlitsmaður KSÍ, á fyrirhuguðum leik HK og KR þann 8. ágúst, skiluðu skýrslum til skrifstofu KSÍ og mótanefndar KSÍ þar sem tilgreindar voru ástæður sem leiddu til frestunar á leiknum. Þá barst skrifstofu KSÍ greinargerð frá framkvæmdastjóra HK vegna málsins. Mótanefnd KSÍ kom saman á fundi þann 12. ágúst 2024 og tók þá ákvörðun, með vísan til orðalags í síðustu málsgrein ákvæðis nr. 15.6 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, að setja leik HK og KR í Bestu deild karla á að nýju. Var nýr leikdagur ákveðinn fimmtudaginn 22. ágúst 2024.

Þann 13. ágúst barst erindi frá kæranda til kærða stjórnar KSÍ þar sem farið var fram á það við stjórn KSÍ að HK yrði dæmt til að tapa leik sínum við KR sem fram átti að fara 8. ágúst. Erindi knattspyrnudeildar KR var tekið fyrir á fundi stjórnar KSÍ þann 13. ágúst sl. Tók stjórn KSÍ þá ákvörðun að hafna erindi/beiðni knattspyrnudeildar KR og vísa til niðurstöðu mótanefndar KSÍ í málinu. Var ákvörðun stjórnar KSÍ tilkynnt knattspyrnudeild KR þann 14. ágúst.

Þann 16. ágúst barst skrifstofu KSÍ kæra til aga- og úrskurðarnefndar frá knattspyrnudeild KR vegna framkvæmdar leiks HK og KR, sem fyrirhugaður var 8. ágúst 2024, ákvarðana mótanefndar KSÍ og stjórnar KSÍ í kjölfarið. Var úrskurður aga- og úrskurðarnefndar í málinu kveðinn upp þann 20. ágúst 2024.

III

Í greinargerð frá KR vegna áfrýjunar til áfrýjunardómstóls gerir áfrýjandi m.a. eftirfarandi athugasemdir við niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar:

„Í niðurstöðukafla sínum segir nefndin að tekið sé undir með áfrýjanda að framkvæmd leiksins hafi verið verulega ábótavant. Telst það þá sannað án þess þó að fjallað sé sérstaklega um það í úrskurði nefndarinnar.

Tekur nefndin til þess að HK beri ábyrgð á framkvæmd leiksins og að í aðdraganda leiksins hafi þess ekki verið gætt að knattspyrnumörk uppfylltu reglur. Nefndin lætur þó hjá líða að fjalla um það á hvaða tímapunkti þessi vitneskja lá fyrir. Í bréfi framkvæmdastjóra er þess getið að sú vitneskja hafi legið fyrir í hádegi á leikdag. Engu að síður segir í vörn varnaraðila HK að markið hafi verið haldið þessum ágalla í sex ár en að það hafi ítrekað verið lagfært. Áfrýjandi telur að vitneskja varnaraðila HK og sinnuleysi um úrbætur sé vítavert og að félagið beri þar sök.

Tiltekur nefndin að hún hafi heimild til þess að beita félag viðurlögum skv. gr. 2.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Áfrýjandi mótmælir því ekki.

Er upplýst að nefndin hafi til meðferðar í aðskildu máli umfjöllun um skýrslu eftirlitsmanns og dómara vegna framkvæmdar á fyrrgreindum leik. Undrar áfrýjanda að rekið sé mál, án hans þátttöku, þar sem undir liggja hagsmunir hans.

Því er haldið fram að krafa um afar íþyngjandi viðurlög í garð varnaraðila sé að ræða. Áfrýjandi tekur undir að um sé að ræða íþyngjandi viðurlög en bendir á að sömu viðurlög liggja við því að tefla fram ólöglegum leikmanni, skrifa vitlaust nafn á leikskýrslu eða annað sem skýrast kann af mannlegum mistökum. Eru þá undanskilin þau tilvik þar sem bersýnilega er rangt haft við. Áfrýjandi ætlar ekki HK það að hafa viljandi eyðilaggt mark til þess að knýja fram frestun en telur

engu að síður að mannlegt mistök leysi félagið ekki undan ábyrgð. Viðurlögin eru skýr og þau eru þung.

Segir í forsendum úrskurðar nefndarinnar

Að mati nefndarinnar og á grundvelli almennra lagasjónarmiða þarf skýr viðurlagaheimild að vera fyrir hendi þannig að víst megi telja að tiltekin viðurlög liggja við tilgreindu broti, sbr. þegar lið mætir ekki til leiks, sbr. 35. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót eða þegar lið teflir fram ólöglegum leikmanni, sbr. 36. grein sömu reglugerðar. Það er mat nefndarinnar að þau viðurlög sem kærandi gerir kröfu um vegna brota kærða HK við framkvæmd fyrirhugaðs leiks HK og KR í Bestu deild karla, hafi ekki viðhlítandi stoð í lögum eða reglugerðum KSÍ.

Hér telur áfrýjandi að gæti misskilnings nefndarinnar. Þau dæmi sem nefndin tiltekur eru aðeins brot sem þekkt er að komi upp. Tilvik og atburðir sem upp kunna koma eru hins vegar óteljandi og því ómögulegt að setja reglur um sérhvern atburð/tilvik og hvers viðurlög við honum liggja. Því er hin almenna regla sett í 34.7. gr. reglugerðar KSÍ un knattspyrnumót en þar segir

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal beita viðurlögum skv. þessum kafla komist hún að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Jafnframt getur nefndin beitt viðurlögum skv. viðurlagakafla reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Í 12.1. gr. i viðurlagakafla reglugerðar um aga- og úrskurðarmál segir

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ getur í úrskurðarorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur aðila málsins:

- i. Úrskurðað leik ógildan, látið endurtaka hann eða dæmt um úrslit hans.
- ii. Svipt aðila rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan knattspyrnuhreyfingarinnar (hefur ekki í för með sér missi almennra félagsréttinda eða keppnisréttar).
- iii. Óhlutgengisúrskurður, sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan knattspyrnuhreyfingarinnar, um stundarsakir eða ævilangt.
- iv. Úrskurðað aðila til að greiða aðila kostnað vegna málsins telji nefndin málsgrundvöllinn tilefnislausan.

Af þessu má ráða að vegna annarra brota en þeirra sem tilgreind eru í 35. og 36. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót geti aga- og úrskurðarnefndin beitt þeim viðurlögum sem henni eru í tæk í reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Þannig geta brot félags leitt til þess að lið félagsins tapi leikjum, þ.e. að úrskurðar sé um úrslit leiks, sbr. ákvæði a liðar 12.1. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefndina.

Lagaheimildin er því í reynd skýr. Brot varnaraðila HK er einnig augljóst þar sem brotið var gegn því ákvæði 15.1. gr. reglugerðar um knattspyrnumót að tryggja að leikur færi fram. Telur áfrýjandi að því komi engin önnur niðurstaða til greina en að úrskurða um úrslit leiksins.

Bent er enn á niðurstöðu norska knattspyrnusambandsins í máli Start og Bryne en þar segir og er vísað til Kampreglementet

§12-6.Forsømmelser fra arrangørens side

(1) Klubb som arrangerer en kamp plikter å stille reglementert bane og spillemateriell til fastsatt tid. Dersom kampen ikke kan startes senest 45 minutter etter fastsatt tidspunkt fordi arrangørklubben har overtrådt sine forpliktelses etter første setning, taper arrangørens lag kampen og kampresultatet settes til 0-3. Det samme gjelder i tilfeller der det er klubbens ansvar å stille dommer og dette ikke gjøres, jf. § 4-7 (3).

Telur áfrýjandi að reglur KSÍ ekki að öllu leyti skýrar þar sem jafnafráttarlausu ákvæði er ekki til að dreifa í regluverki sambandsins. En á móti ætlar áfrýjandi að hin almenna regla í grein 34.7. um knattspyrnumót taki til tilviks sambærilegu því sem gerðist í Noregi og beri sömu afleiðingar.

Aga- og úrskurðarnefnd hafnar kröfu áfrýjanda um ómerkingu á þeirri ákvörðun mótanefndar að finna leik HK og KR nýjan leiktíma. Byggir nefndin á því að 15 gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót sé fjallað um framkvæmd og skipulag leikja. Er að hálfu nefndarinnar sérstaklega vísað til þess að í 6. mgr. þeirrar greinar segi að farist kappleikur fyrir skv. ákvörðun dómara t.a.m. vegna ástands vallar skuli dómara tilgreina ástæðu í skýrslu til mótanefndar. Í máli því sem hér er uppi verður ekki annað séð en að dómari hafi tekið þá ákvörðun að fresta leik HK og KR, sem fram átti að fara þann 8. ágúst sl. vegna ófullnægjandi vallaraðstæðna.

Áfrýjandi telur að hér dragi nefndin rangar ályktanir. Það skiptir máli hvort að dómari taki ákvörðun vegna þess að vallaraðstæður voru ófullnægjandi vegna atvika sem ómögulegt var að bregðast við eða hvort um hafi verið ræða vegna atvik sem hefði mátt bregðast við.

Ákvæði 15.6. gr. er skýrt ákvæði um það sem kallast force majeure, eða óviðráðanleg ytri atvik.

Þannig segir í ákvæðinu

Farist kappleikur fyrir eftir ákvörðun dómara eða mótanefndar vegna veðurs, ástands vallar eða annarra óviðráðanlegra orsaka eða leik er hætt áður en fullum leiktíma er náð skal dómari tilgreina ástæður í skýrslu til mótanefndar.

Lykilorð í orðskýringu ákvæðisins er orðið annarra. Það tekur til þess að ákvörðun dómara vegna veðurs eða ástands vallar þarf að hafa verið vegna óviðráðanlegra ástæðna eins og annarra tilvika sem ekki eru upp talin þar sem þau eru óþekkt og óteljandi. Þegar atvik eru hins vegar viðráðanleg getur ákvæði 15.6. gr. ekki átt við.

Sú ákvörðun dómara að hefja ekki leikinn byggðist á því að HK gat ekki boðið upp á löglegan völl. Hefur síðar komið í ljós að ástæður þessa voru viðráðanlegar en skrifast á vallarstarfsmenn HK.

Þar sem ákvörðun dómara gat ekki byggst á 15.6. gr. var mótanefnd óheimilt að beita þeirri reglu sem er að finna í síðustu málsgrein ákvæðisins og finna leik liðanna nýjan leiktíma. Að mati áfrýjanda er ákvæði 15.6. gr. skýrt og afdráttarlaust um hver afdrif leiks, sem farist hefur fyrir og ekki verið flautur á, skuli vera þegar ástæður eru óviðráðanleg ytri tilvik. Er því krafa áfrýjanda áréttuð um að ákvörðun mótanefndar um nýjan leiktíma verði ómerkt.

Áfrýjandi ætlar að það sé rétt niðurstaða að vísa kröfu frá um frestun leiks liðanna enda uppástandi það mótanefnd að taka ákvörðun um slíka frestun. Telur áfrýjandi að hjá því verði þó ekki komist að fresta leik liðanna fari svo að niðurstaða í máli liðanna liggi ekki fyrir. Fari svo að niðurstaða verði sú að úrskurðaða í málinu áfrýjanda í hag er ljóst að leikur liðanna sem fram færi eftir ákvörðun mótanefndar þann 22. ágúst hefði ekkert vægi. Ætlar áfrýjandi að stjórn KSÍ beini þeim fyrir mælum til mótanefndar að bregðast við og fresta leiknum uns niðurstaða liggur fyrir í máli þessu.“

IV

Í greinargerð frá varnaraðila stjórn KSÍ vegna áfrýjunar til áfrýjunardómstóls kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Varnaraðili KSÍ byggir á sömu röksemdum og lagatilvísunum og fram koma í greinargerð KSÍ til aga- og úrskurðarnefndar og vísar til hennar. Varnaraðili KSÍ telur að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar sé réttur og í fullu samræmi við lög og reglugerðir sambandsins.

Varnaraðili KSÍ áttar sig ekki fyllilega á því hvert áfrýjandi er að fara með varakröfu sinni fyrir áfrýjunardómstól KSÍ. Aga- og úrskurðarnefnd tók mál áfrýjanda gegn KSÍ og HK sannarlega til efnislegrar meðferðar og hafnaði fyrstu tveimur kröfuliðum áfrýjanda með efnislegum úrskurði, en vísaði þriðja kröfulið áfrýjanda frá nefndinni vegna formannmarka.

KSÍ deilir ekki þeirri skoðun með KR, sem fram kemur í efnisgrein 25 í áfrýjun, að mótanefnd hafi ekki getað tekið ákvörðun um breytingu á leiktíma fyrir en niðurstaða aga- og úrskurðarnefnda hafi legið fyrir um hvort leikurinn yrði yfir höfuð leikinn. Þegar uppi eru þær aðstæður sem nefndar eru í ákvæði greinar 15.6 í reglugerð um knattspyrnumót verður mótanefnd að taka ákvörðun á grundvelli ákvæðisins, sbr. einnig grein 34.6 í sömu reglugerð. Það væri ankannalegt ef mótanefnd þyrfti að bíða með að taka ákvörðun þar til útséð væri hvort ágreiningi varðandi framkvæmd leiks yrði skotið til aga- og úrskurðarnefndar. Hvort aga- og úrskurðarnefnd geti síðan endurskoðað ákvörðun mótanefndar er annað mál. Eins og fram kemur í efnisgrein 7 í greinargerð KSÍ til aga- og úrskurðarnefndar bendir þó margt til þess að ákvarðanir mótanefndar um nýjan leiktíma viðureignar, sem ekki hefur verið flautaður á, sæti ekki endurskoðun.

Þannig eru ákvæði lokamáls. greinar 15.6 og greinar 34.6 í reglugerð um knattspyrnumót skýr og afdráttarlaus um það að mótanefnd hafi ekki aðeins rétt til að breyta leikstund þegar leikur hefur ekki verið flautaður á, heldur beri nefndinni beinlínis skylda til að gera það. Að mati KSÍ veita framangreind ákvæði mótanefnd ekki nokkurt svigrúm til mats sem gæti orðið grundvöllur endurskoðunar aga- og úrskurðarnefndar. KSÍ telur að ákvæði reglugerðar um aga- og úrskurðarmál séu þessu til samræmis.

Í a-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar, sem ber yfirskriftina „Viðurlög í kærumálum“, segir að aga- og úrskurðarnefnd geti úrskurðað leik ógildan, látið endurtaka hann eða dæmt um úrslit hans. Þá segir í grein 8.2.1 sömu reglugerðar að kærur vegna meintra brota á lögum- og /eða reglugerðum KSÍ, öðrum en þeim sem geta varðað ógildingu leiks, endurtekningu hans, eða breytingu á úrslitum leiks, skuli berast innan nánar tiltekins frests. Þarna er að mati KSÍ augljóslega verið að vísa til þeirra tegunda mála sem heyra undir fyrrnefndan a-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar. Þegar ákvæði greinar 12.1 og 8.2.1 eru lesin saman innbyrðis og saman með ákvæði lokamáls. greinar 15.6 í reglugerð um knattspyrnumót verður að mati KSÍ að álykta að ákvarðanir mótanefndar um nýjan leiktíma leiks, sem ekki hefur verið flautaður á, sæta ekki endurskoðun aga- og úrskurðarnefndar, enda ekki hægt að ógilda, láta endurtaka eða dæma um úrslit / breyta úrslitum leiks sem ekki hefur farið fram.

Í áfrýjun áfrýjanda segir að hann samþykki að niðurstaða um að dæma liði tap í viðureign feli í sér ein alvarlegustu viðurlög sem KSÍ geti beitt. Það sé hins vegar rangt að aðeins í ákvæðum 35. og 36. gr. reglugerðar um knattspyrnumót sé að finna slík viðurlög. Viðurlög sé einnig að finna í almennri reglu greinar 34.7 í sömu reglugerð. Í umræddu ákvæði segir:

„Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal beita viðurlögum skv. þessum kafla komist hún að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Jafnframt getur nefndin beitt viðurlögum skv. viðurlagakafla reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.“ (Áh. KSÍ).

Eins og sjá má veitir ákvæðið aga- og úrskurðarnefnd ekki almennt vald til að ákvarða viðurlög sem nefndin telur viðeigandi hverju sinni, heldur er vísað til viðurlagakafla tveggja reglugerða sem hafa að geyma ítarleg ákvæði um viðurlög við tilteknum brotum. Viðurlagaákvæðin mæla m.a. fyrir um sektir að ákveðinni fjárhæð fyrir tiltekin brot ásamt því að mæla fyrir um þau tvö tilvik þar sem

brot varðar 0-3 tapi, sbr. áðurnefnd ákvæði 35. og 36. gr. reglugerðar um knattspyrnumót. Í viðurlagaákvæðunum er ekki að finna heimild til að dæma liði tap við þær aðstæður sem uppi eru í málinu. Í ljósi þess hve viðurlagaákvæðin eru skýr og nákvæm, til samræmis við þær kröfur sem gera verður til slíkra ákvæða, liggur beinast við að álykta að ekki sé heimilt að dæma félagi tap fyrir önnur brot en þau sem ótvírætt sæta slíkum viðurlögum samkvæmt reglugerðum KSÍ.

Í áfrýjun áfrýjanda er vísað til regluverks norska knattspyrnusambandsins sem áfrýjandi kveður vera skýrt. Vísar áfrýjandi sérstaklega til greinar 12-6 í leikreglum norska sambandsins þar sem fram kemur að náist ekki að hefja leik eigi síðar en 45 mínútum eftir ákveðinn leiktíma sökum þess að skipuleggjandi leiksins brýtur gegn skyldum sínum tapi lið hans leiknum 0-3. Þá segir áfrýjandi að hann telji að reglur KSÍ séu ekki að öllu leyti skýrar þar sem jafnafdráttarlausu ákvæði sé ekki til að dreifa í regluverki sambandsins. Þetta er mergur málsins að mati KSÍ. Í reglugerðum sambandsins er ekki að finna skýra heimild til að dæma liði tap við þær aðstæður sem uppi eru í málinu, öfugt við t.d. tilvitnaðar reglur norska knattspyrnusambandsins sem virðast heimila slík viðurlög í áþekktum tilvikum. Miðað við framangreint virðist ósætti áfrýjanda í raun snúa að því hvernig regluverk KSÍ er úr garði gert.

Varnaraðili KSÍ vísar að öðru leyti til greinargerðar sinnar fyrir aga- og úrskurðarnefndar og ítrekar það sem þar kemur fram.“

V

Í greinargerð frá varnaraðila HK vegna áfrýjunar til áfrýjunardómstóls kemur m.a. eftirfarandi fram:

„HK tekur alfarið undir niðurstöður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 8/2024 frá 20. ágúst 2024. Þá er vísað til greinargerðar HK til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 20. ágúst 2024. HK leggur þó sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði:

Viðurlagaákvæði þurfa að vera skýr

Niðurstaða um að dæma félag 0-3 ósigur vegna brota á regluverki knattspyrnusambands er verulega íþyngjandi viðurlög fyrir það félag sem á í hlut. Sérstaklega íþyngjandi eru þessi viðurlög þegar líða tekur á tímabilið og erfitt eða ómögulegt er að bæta upp fyrir afleiðingar brotsins síðar á tímabilinu.

Íþyngjandi viðurlög kalla á mjög skýra viðurlagaheimild. Sem dæmi um skýra heimild er viðurlagaheimild norska knattspyrnusambandsins í gr. 12.6 í „Kampteglement“ sem áfrýjandi vísar sjálfur til. Það er dæmi um mjög skýrt ákvæði með fyrirsjáanleg viðurlög við broti gegn tilteknum skyldum félags. Slíkt er ekki að finna í regluverki KSÍ. Það er því afar sérstakt að byggja málatilbúnað sinn á fordæmi frá Noregi sem ekki byggir á sama regluverki. Það er afar ólíklegt að mati HK að sambærilegt ákvæði og er í regluverki norska knattspyrnusambandsins yrði samþykkt inn í regluverk KSÍ.

Í a. lið gr. 12.1 í reglugerð um aga- og úrskurðarmál kemur fram að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ geti úrskurðað leik ógildan, látið endurtaka hann eða dæmt um úrslit hans. Ljóst er að til að úrskurða leik ógildan eða láta endurtaka hann þarf leikur að hafa farið fram. Sömu sögu er að segja um heimild nefndarinnar að „dæma um úrslit hans“. Samkvæmt ákvæðinu getur nefndin breytt úrslitum leiks, en til þess að hægt sé að breyta úrslitum þarf hann að hafa farið fram. Ef leikur hefur ekki verið flautaður á eru engin úrslit til staðar. Til þess að nefndin geti buið til úrslit í leik sem ekki hefur farið fram þarf fyrrgreint ákvæði að vera mun skýrara eða að skýr heimild sé til staðar í annarri reglugerð á vegum KSÍ, eins og er í 35. og 36. gr. reglugerðar um knattspyrnumót.

Vísað er til þess af hálfu HK að skv. almennum lagasjónarmiðum ber ekki að beita íþyngjandi viðurlögum, t.d. í refsirétti, stjórnslurétti og samningarétti, nema skýr heimild sé til þess. Auk þess er á það bent að beita ber þrengjandi lögskýringu ef viðurlagaheimildir eru óskýrar. Byggir það á því að fyrirsjáanleiki verður að vera til staðar fyrir borgara og íþróttafélög um hvaða viðurlögum gæti verið beitt ef brotið er gegn tilteknum reglum.

Ákvæði gr. 15.6 í reglugerð um knattspyrnumót

HK tekur undir röksemdafærslu aga- og úrskurðarnefndar KSÍ varðandi túlkun á ákvæði gr. 15.6 í reglugerð um knattspyrnumót. Þá er tekið undir röksemdir KSÍ varðandi þetta atriði í greinargerð þess til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.

Í 1. málsli. 1. mgr. gr. 15.6. segir: „Farist kappleikur fyrir eftir ákvörðun dómara eða mótanefndar vegna veðurs, ástands vallar eða annarra óviðráðanlegra orsaka eða leik er hætt áður en fullum leiktíma er náð skal dómari tilgreina ástæður í skýrslu til mótanefndar.“ Í greinargerð áfrýjanda vísar hann eingöngu til óviðráðanlegra ytri atvika en ekki óviðráðanlegra orsaka. Þetta er ekki sami hluturinn. Óviðráðanlegar orsakir geta verið bæði verið vegna innri og ytri atvika, þ.e. atvik getur talist vera óviðráðanleg orsök þótt félag beri ábyrgð á því að brot á regluverki KSÍ hafi átt sér stað. Ákvæði gr. 15.6. á því ekki eingöngu við um s.k. force majeure atvik. Dómari leiksins átti ekki annarra kosta vöð en að fresta leik vegna brotinnar stangar sem HK vissi ekki um fyrr en rétt fyrir leik og gat því ekki brugðist við í tíma. Þessi réttur dómarans er skýr skv. gr. 15.6, en einnig 5. gr. knattspyrnulaganna og gr. 19.6 í reglugerð um knattspyrnumót.

Í lokamálslið 2. mgr. gr. 15.6. er afar skýrt ákvæði um að hafi leikur ekki verið flautaður á skal hann fara fram næsta dag sem fær þykir og við verður komið. Ákvæðið verður ekki skýrt á neinn annan hátt en að ef leikur er ekki hafinn, en honum er frestað, skal fundinn nýr dagur eins fljótt og hægt er, og er það mótanefndar KSÍ að taka ákvörðun um slíkt.

Þótt komist yrði að þeirri niðurstöðu að dómara hafi ekki verið heimilt að fresta leiknum eða að mótanefndinni hafi verið óheimilt að finna leiknum nýjan leiktíma þá leiðir það ekki til 3-0 sigurs KR. Mótaðilinn hefur ávallt, þrátt fyrir brot liðs/félags, skyldu til að keppa, sbr. gr. 34.5 í reglugerð um knattspyrnumót. Þannig myndi vanheimild mótanefndar einungis leiða til þess að ákveða þyrfti nýjan tíma fyrir leikinn. Slík niðurstaða myndi leiða til hringavitleysu.

Ákvörðun dómarans eða mótanefndar getur ekki haft þær afleiðingar fyrir HK að félaginu verði dæmdur ósigur í leiknum gegn KR. Það er einungis háttsemi HK skv. 35. og 36. gr. reglugerðar um knattspyrnumót sem getur haft slíkar afleiðingar. Að öðru leyti er vísað til góðs rökstudnings aga- og úrskurðarnefndar KSÍ varðandi þetta atriði.

Grandleysi HK

Áfrýjandi heldur því ennþá fram að HK hafi vitað um brot stangarinnar í hádeginu á leikdegi og ekkert aðhafst. Þetta er rangt og svo virðist sem áfrýjandi geti með engu móti gert greinarmun á broti og sprungu. Þetta er tvennt ólíkt og áhrifin sömuleiðis.

HK vissi af sprungu í annarri stönginni en sú sprunga hafði ekki áhrif á eiginleika marksins og stofnaði ekki öryggi leikmanna í hættu. Það sést best á því að eftirlitsmenn KSÍ höfðu sl. ár aldrei gert athugasemdir við markið og öll stangarskot síðustu ára höfðu ekki áhrif á eiginleika marksins. HK vissi aftur á móti ekki af því að stöngin væri brotin og er ósannað að HK hafi vitað af brotinu fyrr en um klukkustund fyrir leik.

Áhrif niðurstöðu þessa máls

KR hefur margsinnis í sínum málatilbúnaði, hvort sem það er fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, áfrýjunardómstól KSÍ eða á opinberum vettvangi, haldið því fram að það væri varhugavert fordæmi að dæma ekki KR 3-0 sigur í leiknum sökum ólögmeats marks (markstangar). Þessu hafnar HK.

Hið gagnstæða er hið rétta. Ef afleiðingar af því að búnaður knattspyrnuvallar var ekki í lagi væru þær að útilið fengi ávallt dæmdan 3-0 sigur gæti það leitt af sér þörf fyrir verulega aukna öryggisgæslu, allan sólarhringinn, á knattspyrnuvöllum og mannvirkjum tengdum þeim, enda gætu áhangendur útiliðs freistast til þess að framkvæma spjöll sem leiða myndi til taps heimaliðs. Það er ástand sem ekki er rétt að hvetja til með niðurstöðu um 3-0 tap heimaliðs.“

VI

Niðurstaða

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirliggjandi gögn málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 20. ágúst 2024. Með honum var hafnað kröfu áfrýjanda um að KR verði dæmdur 0-3 sigur í leik liðsins við HK í Bestu deild karla. Þá var kröfu áfrýjanda um ómerkingu á ákvörðun mótanefndar KSÍ, um að finna leik HK og KR í Bestu deild karla nýjan leiktíma, hafnað. Loks var kröfu áfrýjanda, um að meðan mál þetta er til lykta leitt verði leik HK og KR, sem settur hefur verið á 22. ágúst, frestað, vísað frá.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hefur lögsögu yfir þeim málefnum, sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Skal nefndin byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KSÍ, sbr. grein 2.1 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ segir í grein 2.1 að áfrýjunardómstóll KSÍ skuli byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KSÍ. Með vísan til fyrrgreindra ákvæða liggur fyrir að aga- og úrskurðarnefnd og áfrýjunardómstóll KSÍ eru bundin af ákvæðum laga og reglugerðar KSÍ í úrlausnum sínum. Tekur dómurinn undir sjónarmið í hinum áfrýjaða úrskurði að viðhlítandi viðurlagaheimild þurfi að liggja til grundvallar því að úrslitum leiks sé breytt. Að mati dómsins liggur ekki fyrir viðhlítandi lagastöð til að verða við kröfu áfrýjanda enda verði aðstæður, sem upp komu í aðdraganda fyrirhugaðs leiks HK og KR þann 8. ágúst, ekki heimfærðar á skýra og ótvíræða heimild til að dæma um úrslit leiks. Er aðalkröfu áfrýjanda um að KR verði dæmdur 0-3 sigur í leik liðsins við HK því hafnað.

Áfrýjandi gerir kröfu um að ákvörðun mótanefndar KSÍ, um að finna leik HK og KR í Bestu deild karla nýjan leiktíma, verði ómerkt og byggir málatilbúnað sinn m.a. á því að ákvæði greinar 15.6 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót geti aðeins gilt í þeim tilvikum að leik hafi ekki verið við komið vegna óviðráðanlegri ytri atvika. Ákvæði 15.6. greinar sé skýrt ákvæði um það sem kallast *force majeure*, eða óviðráðanleg ytri atvik.

Að mati dómsins liggur ljóst fyrir að dómari fyrirhugaðs leiks HK og KR þann 8. ágúst tók ákvörðun um fresta leiknum og bera gögn málsins það skýrlega með sér að ófullnægjandi vallaraðstæður hafi valdið því. Nánar tiltekið hafi markstöng á öðru marki í Kórnum reynst brotin og hafi starfsfólki vallarins ekki tekist að bæta úr því. Að mati dómsins er niðurlag greinar 15.6 skýrt og afdráttarlaust um hver afdrif leiks, sem farist hefur fyrir og ekki verið flautaður á, skuli vera. Samkvæmt skýru orðalagi ákvæðisins hafi það legið fyrir mótanefnd KSÍ að taka ákvörðun um afdrif leiksins enda falli það innan ákvörðunvalds nefndarinnar að taka m.a. ákvörðun um niðurröðun leikja og taka ákvörðun um hvenær frestaðir leikir skuli settir á að nýju, sbr. einnig 4. grein starfsreglna nefndarinnar. Samkvæmt orðanna hljóðan skal við þær aðstæður þegar leikur hefur farist fyrir áður en hann var flautaður á, leikurinn fara fram næsta dag sem fær þykir og við verður komið, sbr. niðurlagi greinar 15.6. Telur dómurinn því liggja fyrir að mótanefnd KSÍ hafi

verið tækt með vísan til greinar 15.6 að finna leik HK og KR nýjan leikdag þann 22. ágúst nk., enda hafi sú ákvörðun fyllilega rúmast innan þess valdsviðs sem nefndinni er sett skv. lögum og reglugerðum KSÍ. Er kröfu áfrýjanda, um að ákvörðun mótanefndar KSÍ að finna leiknum nýjan leiktíma verði ómerkt, því hafnað.

Með vísan til forsendna í hinum kærða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar er kröfu áfrýjanda um að meðan mál þetta er til lykta leitt verði leik HK og KR í Bestu deild karla, sem settur hefur verið á 22. ágúst frestað, vísað frá.

Dómurinn hafnar varakröfu áfrýjanda um að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar verði felldur úr gildi og nefndinni verði gert að taka málið til efnislegrar meðferðar en áfrýjandi rökstyður þá kröfu sína ekki frekar í áfrýjun sinni. Að mati dómsins liggur fyrir að aga- og úrskurðarnefnd tók málið til efnislegrar meðferðar eins og fyrirbyggjandi úrskurður nefndarinnar í máli nr. 8/2024 ber skýrlega með sér.

Samkvæmt framansögðu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verður hann staðfestur eins og nánar er getið í dómsorði.

Dómsorð

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 8/2024 er staðfestur. Varakröfu knattspyrnudeildar KR er hafnað.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]